

***BORGARRÁÐ 4. júlí 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ákvörðun um staðsetningu varanlegs regnboga - R19060051***

Hvernig var ferli þess að Skólavörðustígur var valinn regnbogagata en ekki einhver önnur gata og hverjir komu að ákvörðuninni? Óskað er eftir nákvæmum upplýsingum um ferlið lið fyrir lið og hverjir sátu í hópi þeirra sem ræddu um hvaða gata yrði fyrir valinu. Flokkur fólksins telur mikilvægt að þegar val eins og þetta stendur fyrir dyrum þarf ferlið að vera gegnsætt og rétt hefði verið að leggja fram nokkra valmöguleika og leyfa fleirum að hafa eitthvað um þetta val að segja.